

3. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 17. desember 2021 í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPG), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Lárus B. Lárusson (LBL), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Gissur Jónsson (GJ).

Forföll: Auður Inga Þorsteinsdóttir, (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Formaður setti fund kl. 15:55

1. Upplýsingagjöf framkvæmdastjórnar

- JSI gerði grein fyrir störfum framkvæmdastjórnar frá síðasta stjórnarfundum.
- Í fjarveru framkvæmdastjóra hefur framkvæmdastjórn skipt með sér verkum framkvæmdastjóra. RH hefur sinnt starfsmannamálum, GGS fjármálum og JSI m.a. ytri samskiptum og verkstjórn. GG sinnir einnig tilfallandi verkefnum. Stjórn staðfestir fullt umboð framkvæmdastjórnar til að sinna daglegum rekstri og ákvarðanatöku í fjarveru framkvæmdastjóra.
- Stjórn samþykkir að framkvæmdastjórn fái greitt fyrir þessi tímabundnu störf. Stjórn veitir JSI heimild til að ganga frá þeim málum.

GJ vék af fundi kl. 16:15

2. Húsnæðismál

- GGS fór yfir stöðu mála.
- Fjárhags- og fasteignanefnd óskar eftir heimild til að leita tilboða frá fasteignasölum vegna sölufrelis á húseigninni að Sigtúni nr. 42, ef ákveðið væri að selja fasteignina. Stjórn samþykkir heimildina.
- Fjárhags- og fasteignanefnd óskar eftir heimild til að kanna með formlegum hætti hverjar fyrirætlanir ÍBR og ÍSÍ eru hvað varðar frekari uppbyggingu mannvirkja á lóðinni við Engjaveg nr. 6. Stjórn samþykkir heimildina.
- Fjárhags- og fasteignanefnd óskar eftir heimild til þess að fara í samningaviðræður við Húnaþing vestra um rekstur skólalabúðanna á Reykjum. Stjórn samþykkir heimildina.

3. Þrastaskógur

- Einar Örn Jónsson, garðyrkjufraeðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands kom á fundinn. Rætt um ýmsar hugmyndir sem tengjast Þrastaskógi.
- Framkvæmdastjórn falið að vinna málið áfram.

4. Reglugerð um ferðakostnað og risnu UMFÍ

- GGS fór yfir uppfærðar reglur um ferðakostnað og risnu UMFÍ. Stjórn samþykkir nýjar reglur.

5. Uppgjör ferðar ISCA og DGI

- JSI greindi frá heimsókn sinni til ISCA og DGI, sem farin var í síðasta mánuði.

6. Erindi frá nefndum

- Fundargerðir lagðar fram til kynningar:
 - 2. fundargerð Framkvæmdastjórnar.
 - 3. fundargerð Framkvæmdastjórnar.
 - Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að staðfesta skráningu á almannaheillaskrá og feli Fasteigna- og fjárhagsnefnd að fara yfir hvað þurfi að gera til að uppfylla skráninguna. Stjórn samþykkir bókun framkvæmdastjórnar.
 - 1. fundargerð Útgáfunefndar.
 - 1. og 2. fundargerð Fjárhags- og fasteignanefndar.
 - 2. fundargerð Ungmennabúðanefndar.
 - 1. og 2. fundargerð Sjóða- og fræðslunefndar.
 - 1. fundargerð Móta- og viðburðanefndar.
 - Minnisblað Íþróttanefnd ríkisins frá Erni Guðnasyni.
- Erindisbréf Sjóða- og fræðslunefndar.
- Erindisbréf frá Fjárhagsnefnd.
- Erindisbréf frá Ungmennabúðarnefnd.
- Erindisbréf frá Nefnd um útgáfumál.
- Framkvæmdastjórn falið að samræma og fullvinna öll erindisbréfin og leggja þau fyrir til samþykktar á næsta stjórnarfund.

7. Bréf sem borist hafa

- 24.09. '21 Minnisblað vegna fundar með forseta Íslands.
- 02.11.'21 Styrkbeiðni frá Marteini Sigurgeirssyni.
 - Framkvæmdastjórn hefur þegar falið GG að vinna málið áfram.
- 06.12.'21 Tölvupóstur frá Landvernd.

8. Starfsmannamál

- Stjórn sendir starfsfólki UMFÍ kærar þakkar fyrir sín störf í fjarveru framkvæmdastjóra.

9. Önnur mál

- Aðild að samtökum.
 - JSI lagði fram yfirlit yfir þau samtök, nefndir, ráð og vinnuhópa sem UMFÍ á aðild að.
- Minnispointar um fjárlagafrumvarp lagðir fram til kynningar.
- Framkvæmdastjórn lagði fram prentaða útgáfu af nýrri stefnu UMFÍ. Stjórn lýsir yfir ánægju með góða uppsetningu stefnunnar.
- Stjórn UMFÍ var boðið til fundar með stjórn Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands 8. desember síðastliðinn. Stjórn UMFÍ þakkar fyrir góðar umræður og höfðinglegar móttökur.

JSI vék af fundi kl. 18:43 og GÞG tók við fundarstjórn.

- GGS lagði fram samning um launakjör formanns UMFÍ. Samþykkt samhljóða. Stjórn samþykkir jafnframt greiðslur vegna aukins vinnuframlags í desember 2021 og janúar 2022 í fjarveru framkvæmdastjóra.

*Fundi slitið kl. 18:53
SÓJ ritaði fundargerð*

YFIRLIT VERKEFNA

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Reykir skólabúðir	Í vinnslu		GGS
Húsnæðismál	Í vinnslu		GGS
Samræma síðareglur UMFÍ og ÆV	Lokið	Næsti stjórnarfundur	Þjónustumiðstöð
Taka saman yfirlit um fulltrúa UMFÍ í ýmsum ráðum og nefndum	Lokið	Næsti stjórnarfundur	Þjónustumiðstöð